



## Fundargerð

**411. fundur** í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn á Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri kl. 11:00 fimmtudaginn 13. júlí 2017. Þetta er 8. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur, sveitarstjóra og er 6 blaðsíður Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir, oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna.

### Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundu

Sameiningarnefnd fundaði á Höfn í júní og átti sveitarstjóri svo fund ásamt sveitarstjóra Djúpavogshrepps og bæjarstjóra Hornafjarðar með KPMG í framhaldinu. Hreinsunarátak í dreifbýli Skaftárhrepps verður frá 13. júlí til 24. ágúst nk. sem hefur verið auglýst. Skrifstofa sveitarfélagsins verður lokað vegna sumarleyfa 17. – 28. júlí og 8. – 11. ágúst nk. Eirný Valsdóttir verkefnisstjóri Skaftárhrepps til framtíðar átti fund með starfsmanni VSÓ ráðgjafar vegna úttekt á ríkisjörðum og er sú vinna hafin. Stefnt að því að úttektinni verði lokið um miðjan ágúst nk.

### Dagskrá

#### I. Fundargerðir til samþykktar

1. 1706020 Fundargerð 130. fundar skipulagsnefndar. dags. 11.07.2017

#### 1. Kynning á umsókn um stofnun þjóðlendu, málsnr 1706017.

Kynningar efni á umsókn vegna þjóðlendusvæðið norðan Skaftártungafréttar og hluta Vatnajökuls.

*Nefndin gerir ekki athugasemd við stofnun þóðlendu á grundvelli framlagðra gagna.*

*Skipulags og byggingarfulltrúa falið að ljúka málín.*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

#### 2. Kynning á reglum vegna skiltagerðar í Skaftáhreppi málsnr 1706030

*Nefndin leggur til að drög að reglum verði teknar til umræðu í sveitarstjórn.*

*Sveitarstjórn vísar drögnum aftur til skipulagsnefndar til nánari útfærslu.*

#### 4. Bjarni Bjarnason sækir um byggingarleyfi fyrir fjósi málsnr 1707006

Bjarni Bjarnason sækir um byggingarleyfi í landi Hraunkots landnr 163370 fyrir fjósbyggingu .Byggingin er 706,7m<sup>2</sup> verður stálgrindarhús klætt með stálklæddum samlokueiningum (pir), bæði á veggjum og á þaki. Sléttum 40mm þykkum einingum á veggjum og 40/72mm þykkum á þaki. Undirstöður, gólfplötur og haugkjallari verða úr járbentri steinsteypu. Vegir innanhúss verða ýmist steyptir eða léttir.

*Nefndin gerir ekki athugasemd við veitingu byggingarleyfis.*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar*

#### 6.ON (Orka náttúrunnar ohf.), kt. 521213-0190, sækir um framkvæmdarleyfi fyrir hlöðu fyrir rafbíla á lóð N1 á Kirkjubæjarklaustri skv. meðf. uppdrætti. Málsnr 1707007.



Nefndin gerir ekki athugasemd við veitingu leyfis fyrir uppsetningu hleðslustöðvar. Gerð er athugasemd við staðsetningu hleðslustöðvar þar sem hún virðist vera utan lóðarmarka N1. Skipulags og byggingarfulltrúa falið að finna nýja staðsetningu í samráði við ON og N1 innan lóðar N1.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar*

## 7. Vegagerðin óskar eftir framkvæmdaleyfi vegna brúar málsnr 1603018

Vegagerðin óskar eftir framkvæmdaleyfi vegna byggingu nýrrar brúar yfir Eldvatn við Ása, auk byggingar að 920m löngum vegkafla á Skaftártunguvegi frá hringvegi. Auk þess er óskað eftir framkvæmdarleyfi fyrir efnistöku úr Kúðafljótsbakka í landi Skálmarbæjar alls um 18.000m<sup>3</sup>.

*Samþykkt. Skipulags og byggingarfulltrúa falið að ljúka málín.*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar*

## 8. Hannes Jónsson sækir um stofun lóðar málsnúmer 1707008

Hannes Jónsson kt:070553-3099 sækir um stofnun lóðar í landi Núpsstaðar-Skógar-lóð landnúmer 163416.

*Samþykkt. Skipulags og byggingarfulltrúa falið að ljúka málín.*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar*

## 9. Jón Geir Ólafsson sækir um stöðuleyfi málsnr 1701009

Jón Geir sækir um stöðuleyfi tveggja gáma 20ft, í landi Grafar landnr 163344 gámarnir eru notaðir undir geymslur.

*Samþykkt. Skipulags og byggingarfulltrúa falið að ljúka málín.*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar*

*Eva Björk Harðardóttir lýsir yfir vanhæfi og víkur af fundi. Bjarni Bjarnason 1. varamaður D-lista kemur í hennar stað. Heiða Guðný Ásgeirs dóttir varaoddviti tekur við stjórn fundarins.*

## 10. Deiliskipulag Efri-Vík svör við athugasemdu Skipulagsstofnunnar.

Umsögn skipulagsstofnunnar vegna deiliskipulags fyrir Efri-Vík hefur borist þar sem gerðar eru athugasemdir í nokkrum liðum. Brugðist hefur verið við athugasemdu innan greinargerðar skipulagsins. Umsögn ásamt uppfærðum skipulagsgögnum lögð fyrir nefndina.

*Helstu breytingar sem gerðar hafa verið á skipulagi til að bregðast við athugasemdu Skipulagsstofnunar voru:*

- Byggingarreitir hafa verið minnkaðir með það að markmiði að gervigígum verði ekki raskað.
- Gróðurhús og gripahús hafa verið felld út úr tillögunni í samræmi við umsögn er varðar misræmi á skilmálum aðalskipulags og deiliskipulags.
- Uppfærðir hafa verið skilmála er varðar íbúðarbyggð ÍB1 þannig þeir samræmist aðalskipulagi.
- Svæði hefur verið skilgreint fyrir lagnir og skýrt í greinargerð
- Aðkoma að Sólvolllum 1 sem lág frá Efri-Víkur afleggjara hefur verið felld út.
- Lóð Sauðagata 4 verður frístundabyggð



# Skaftárhreppur

- Lóðir Sauðagata 5 og 7 hafa verið sameinaðar til þess að frístundalóðir verði ekki fleiri en 18.
- Kindagata 1 hefur verið tekin út vegna nálægðar við veg.
- Byggingarreitur á Kindagötu 3 hefur verið minnkaður.

*Nefndin telur að viðkomandi breytingar séu ekki verulegar og mælist til þess að skipulagið taki gildi í samræmi við 42.gr.skipulagsлага eftir aðra yfirferð skipulagsstofnunnar.  
Sveitarstjórн staðfestir afgreiðslu nefndarinnar*

*Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórн.*

*Bjarni Bjarnason víkur af fundi. Eva Björk Harðardóttir kemur aftur til fundarins og tekur við stjórn hans.*

2. 1604031 Fundargerð 45. fundar félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. dags. 22.06.2017

## II. Önnur mál

- 1) Greiðslur til sumardvalarforeldra – Lögð til hækjun á greiðslum til sumardvalarforeldra sumarið 2017.

Bókun greinargerð lesin; Félagsmálanefnd samþykkir tillögur til hækjunar á greiðslum til sumardvalarforeldra fyrir sitt leyti.

*Sveitarstjórн Skaftárhrepps samþykkir hækjunina fyrir sitt leyti*

*Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórн.*

3. 1605016 Fundargerð 11. fundar atvinnumálanefndar. dags. 12.07.2017

1705010 - 1) Mótun á reglum um úthlutun á leiguþúsnaði á almennum markaði í eigu sveitarfélagsins Skaftárhrepps, skv. beiðni sveitarstjórnar.

Lögð fram drög að reglunum. Lögfræðingur Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur yfirfarið reglurnar og gerði ekki athugasemd við þær. Atvinnumálanefnd samþykkir drögin með áorðnum breytingum og sendir þær til sveitarstjórnar til samþykktar.

*Sveitarstjórн felur sveitarstjóra að lagfæra orðalag í síðustu málsgrein 3. gr. reglnanna.*

*Sveitarstjórн staðfestir reglurnar með breytingum og öðlast þær þegar gildi.*

*Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórн*

## II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 1603034 Daggjöld á afrétti 2017 og greiddur kostnaður vegna smölunar heimalanda  
*Sveitarstjórн samþykkir að daggjöld á afrétti verði óbreytt frá síðasta ári, framreknuð samkvæmt vísitölu neysluverðs í júní 2017.*  
*Daggjöld 2016 voru 13.835 m.v. við vísitölu í júní 2016 sem var 436,3 stig. Vísitala í júní 2017 er 443,0 stig og verða daggjöld árið 2017 því kr. 14.048.*  
*Sveitarstjórн samþykkir jafnframt að miða skuli við daggjöld þegar greiða þarf smölum vegna smölunar heimalanda sem unnin er á kostnað landeiganda. Sveitarstjóra falið að senda tilmæli til fjallskilanefnda um að ræða endurskoðun á daggjöldum.*

*Sverrir Gíslason lýsir yfir vanhæfi og víkur af fundi.*

HGL



2. 1702024 Tillaga að landaskiptum á Kirkjubæjklaustri  
*Fyrir fundinum liggur tillaga að landaskiptum á Kirkjubæjklaustri. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við fyrirliggjandi tillögu og samþykkir hana fyrir sitt leyti.*

*Sverrir Gíslason kemur aftur til fundarins.*
3. 1706010 Sameiginleg lögreglusamþykkt fyrir sveitarfélög í umdæmi lögreglunnar á Suðurlandi – síðari umræða.  
*Sveitarstjórn Skaftárhrepps fagnar því að sameiginleg lögreglusamþykkt fyrir umdæmi lögreglunnar á Suðurlandi sé í sjónmáli og samþykkir hana fyrir sitt leyti.*
4. 1606001 Eftirfylgni með úttekt á Kirkjubæjarskóla. Mennta- og menningarmálaráðuneytið. dags. 14.06.2017  
*Sveitarstjóra falið að svara erindinu í samræmi við umræður fundarins.*
5. 1706029 Erindi frá Íbúðaláanasjóði vegna eigna í Skaftárhreppi. Íbúðaláanasjóður. dags. 28.06.2017  
*Sveitarstjórn pakkar erindið en hefur ekki hug á að kaupa eign Íbúðaláanasjóðs í Skaftárhreppi.*
6. 1707001 Styrkbeiðni: Vinátta í verki. Hjálparstarf kirkjunnar. dags. 27.06.2017  
*Sveitarstjórn pakkar erindið og samþykkir að styrkja verkefnið um 50.000 kr. Tekið af lið 2140-9191. Sveitarstjórn Skaftárhrepps sendir íbúum Vestur-Grænlands sem eiga um sárt að binda vegna flóðbylgjunnar kærleikskveðjur.*
7. 1707002 Beiðni um umsögn um rekstrarleyfi fyrir Byggðaból ehf. Sýslumaðurinn á Suðurlandi. dags. 04.07.2017  
*Sveitarstjórn Skaftárhrepps gerir ekki athugasemd fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.*
8. 1707003 Beiðni um umsögn um rekstrarleyfi veitinga fyrir Hótel Tungu ehf. Sýslumaðurinn á Suðurlandi. dags. 29.05.2017  
*Sveitarstjórn Skaftárhrepps gerir ekki athugasemd fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.*
9. 1707003 Beiðni um umsögn um rekstrarleyfi gististaðar í flokki II fyrir Hótel Tungu ehf. dags. 07.05.2017  
*Sveitarstjórn Skaftárhrepps gerir ekki athugasemd fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.*
10. 1705012 Áfrýjun dómsmáls veiðifélags Grenlækjar og Geila ehf. gegn íslenska ríkinu og Skaftárhreppi til Hæstaréttar.  
*Sveitarstjórn samþykkir að veita sveitarstjóra umboð til að endurnýja málflutningsheimild Antons Björns Markússonar hrl. fyrir hönd Skaftárhrepps vegna reksturs málsins fyrir Hæstarrétti og að gagnáfrýja héraðsdómi.*
11. 1707010 Skipulags- og byggingarfulltrúi  
*Sveitarstjórn Skaftárhrepps pakkar Jóni Garðari Jónssyni sem starfað hefur tímabundið sem verkefnisstjóra skipulags- og byggingarmála fyrir störf hans í págu sveitarfélagsins*



# Skaftárhreppur

þar sem ráðningarsamningi lýkur 31. júlí 2017 og óskar honum velfarnaðar. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að auglýsa starf skipulags- og byggingarfulltrúa í Skaftárhreppi.

Bjarki Guðnason lýsir yfir vanhæfi og víkur affundi. Bjarni Bjarnason 1. varamaður D-lista kemur í hans stað.

## 12. 1707011 Staða slökkviliðsstjóra

*Engin umsókn barst um starf slökkviliðsstjóra. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að ganga til samninga við níverandi slökkviliðsstjóra að taka starfið að sér áfram.*

*Bjarni Bjarnason víkur affundi. Bjarki Guðnason kemur aftur til fundarins.*

## 13. 1707012 Lagfæring í Eintúnahálsi

*Sveitarstjórn samþykkir að færa 300.000 kr. milli liða til lagfæringar á afréttarhúsi í Eintúnahálsi. Sveitarstjóra falið að útfæra millifærsluna í viðauka 4.*

## 14. 1701005 Beiðni um stuðning vegna fornleifarannsókna. Byggðasafnið á Skógum dags. 03.01.2017

*Sveitarstjórn samþykkir að styðja við verkefnið að fjárhæð 300.000,-. Sveitarstjóra falið að útbúa viðauka við fjárhagsáætlun 2017.*

## 15. 1610010 Viðauki 4 við fjárhagsáætlun 2017

*Sveitarstjóri leggur fram eftirfarandi tillögu að viðauka 4 við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins vegna 2017;*

*Lagfæring í Eintúnahálsi - 300 þús.kr. fært af lið 1322-2937 á 3144-4965*

*Styrkur til fornleifarannsókna í Álfaveri 300 þús.kr. liður 0543-9191*

*Rekstrarútgjöld A-hluta aukast um 300 þús.kr.*

*Útgjöldum mætt með handbæru fē*

*Sveitarstjórn samþykkir viðaukann*

## III. Fundargerðir til kynningar

1. 1604047 Fundargerð 26. fundar FSRVS. dags. 21. júní 2017. *Fundargerð kynnt.*
2. 521. fundargerð stjórnar SASS. 21.06.2017. *Fundargerð kynnt.*
3. 1607017 Fundargerð 74. fundar menningarmálaneftnar Skaftárhrepps. dags. 18.05.2017. *Fundargerð kynnt.*
4. 851. Fundargerð stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga. dags. 30.06.2017. *Fundargerð kynnt.*
5. 1606028 Fundargerð 98. fundar héraðsnefndar Vestur-Skaftafellssýslu. dags. 28.06.2017. *Fundargerð kynnt.*

## IV. Annað kynningarefní.

1. 1706015 Tilkynning um stjórnsýslukæru. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. 04.07.2017. *Kynnt.*
2. Ársreikningur og Ársskýrsla vegna 2016. Fræðslunet Suðurlands. *Kynnt.*
3. 1707004 Erindi frá Umhverfisstofnun vegna þriggja ára áætlunar um refaveiðar 2017-2019. dags. 30.06.2017. *Kynnt.*
4. 1608027 Úrskurður Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins vegna ákvörðunar sveitarstjórnar Skaftárhrepps um leyfi rekstrarleyfi gististaðar á Skaftárvöllum 2. dags. 23. júní 2017. *Kynnt.*
5. Gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðland að Fjallabaki. Umhverfisstofnun. 05.07.2017. *Kynnt.*



# Skaftárhreppur

6. 1705001 Svar við umsókn um fjárveitingu til styrkvega 2017. Vegagerðin. dags. 06.07.2017. *Kynnt.*
7. Skógasafn ársskýrsla 2016. *Kynnt.*


*Sveitarstjóri verður í sumarfríi frá 17. júlí til 11. ágúst.*

Næsti fundur áætlaður fimmtudaginn 14. september 2017  
Fundargerð lesin upp og samþykkt  
Fundi slitið kl. 13:24

  
Eva Björk Harðardóttir

  
Johannes Gissurarson

  
Heiða Guðný Ásgeirs Þóra

  
Bjarki Guðnason

  
Sverrir Gíslason

  
Bjarni Bjarnason